



Fundargerð 21. stjórnar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 05. nóvember 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH) Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fjarverandi: Valdemar Johnsen (VJ),

HKS, TMP ritaði fundargerð.

1. Úrsögn úr Öryggisráði

Aðalsteinn Símonarson hefur sagt sig úr öryggisráði AKÍS. Ekki verður skipað í hans sæti fyrr en eftir ársþing 2025. Formaður ráðsins fylgir þeim verkefnum sem liggja fyrir öryggisráði.

2. FIA Esport Commission fundur

TMP segir frá fundi sínum í FIA Esport Commission sem var haldinn 27. október.

3. Gildistími alþjóðlegar keppnisskírteina

Starfsmaður vill leggja til við stjórn að gildistími alþjóðlegra keppnisskírteina sé ár frá kaupdegi skírteinis í stað lok hvers árs. Starfsmanni er falið að skoða nánar um gildistíma keppnisskírteina.

AÓS kom inn á fundinn.

4. Heiðurmerki

Ákveðið að veita heiðursmerki á lokahófi AKÍS þann 9 nóvember.

5. Afreksmál

Á formannafundi er á dagskrá umræða um afreksmál. Ýmsar hugmyndir ræddar varðandi varðandi afreksstarf og afreksstefnu sambandsins. Farið verður í kynningarstarf um akstursíþróttir

6. Formannafundur

Skýrsla stjórnar er í undirbúningi og mun formaður senda hana út til yfirlestrar fljótlega.

Rætt nánar um keppnisdagatal næsta árs og hvað / hvort gera þyrfti eitthvað til að þessi liður gengi fljótt og vel fyrir sig á formannafundi. Umsóknir frá einu aðildarfélagi um tvær keppnir



bárust of seint. Þeim hefur ekki verið bætt við tillögu að keppnisdagatali 2025, heldur bætt við neðan þess. Ákvörðun stjórnar er að formannafundur taki afstöðu til þeirra.

Dagskrá fundarins kynnt.

7. Lokahóf

Farið verður yfir hugmyndir af skipulagi verðlaunaafhendingar

8. Staðan á BÍKR

Umræða vegna stöðu BÍKR þar sem aðalfundur hefur ekki verið haldinn. AKÍS á fund með ÍBR miðvikudaginn 6. nóvember þar sem málefni BÍKR verða til umræðu.

9. Önnur mál

-

10. Innsend erindi

-

Til kynningar:

-

Næsti fundur verður 19. nóvember kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:05